

Verklagsreglur um samskipti embættis sérstaks saksóknara og Fjármálaeftirlitsins

1. gr.

Embætti sérstaks saksóknara og Fjármálaeftirlitið setja eftirgreindar verklagsreglur til grundvallar samstarfi sínu, með það að markmiði að greiða fyrir upplýsingaflæði milli aðila, stuðla að auknum skilningi á verkefnum og starfsramma stofnananna, og stuðla að auknu trausti og trúnaði í samskiptum sín á milli, allt í því skyni að leitast við að rannsaka, upplýsa og stemma stigu við brotum gegn ákvæðum almennra refsilaga og sérrefsilaga sem gilda á sviði fjármálamarkaða, og koma í veg fyrir að mál verði rannsökuð samtímis hjá fleiri en einni stofnun nema um samvinnu sé að ræða.

2. gr.

Aðilar skulu halda reglulega samráðsfundi, a.m.k. mánaðarlega. Öðrum eftirlitsstofnunum, s.s. Samkeppniseftirlitinu eða skattrannsóknarstjóra ríkisins, skal heimilt að sitja slíka fundi ef mál varða starfssvið viðkomandi stofnunar, að mati sérstaks saksóknara.

Við umfjöllun mála á samráðsfundum skal leitast við að samræma verklag og skilgreiningu þeirra sakaratriða sem mál varða. Þá skal skipst á upplýsingum um stöðu einstakra mála og væntanlegar næstu aðgerðir, hvort líklegt megi telja að mál eða hluti máls verði sent öðru stjórnvaldi til meðferðar og þá hvenær megi ætla slík framsending sé fyrirhuguð, og um mögulega samvinnu í einstökum málum. Þá skal einnig upplýst um lok þeirra mála og önnur atriði sem kunna að vera áhugaverð fyrir aðila, enda standi ákvæði um þagnarskyldu því ekki í vegi.

Fjármálaeftirlitið skal veita sérstökum saksóknara yfirlit yfir stöðu mála sem það hefur til meðferðar og kunna að verða send sérstökum saksóknara til lögreglurannsóknar og ákærumeðferðar. Á sama hátt skal sérstakur saksóknari greina Fjármálaeftirlitinu frá þeim málum sem sérstakur saksóknari hefur móttengið og kunna að vera á eftirlits- og rannsóknarsviði Fjármálaeftirlitsins og upplýsa um framgang rannsókna í þeim málum sem hann hefur móttengið frá Fjármálaeftirlitinu.

Aðilar geta haldið aðra fundi með tíðari hætti en að ofan greinir. Getur hvor aðili haft frumkvæði af boðun slíkra funda en sérstakur saksóknari skal boða til hinna reglulegu samráðsfunda.

3. gr.

Fjármálaeftirlitinu er, á grundvelli viðeigandi sérlaga, heimilt að láta sérstökum saksóknara í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast málum sem geta varðað bæði stjórnvaldssektum og refsingu. Fjármálaeftirlitinu er einnig heimilt að veita sérfræðiaðstoð og taka þátt í aðgerðum sérstaks saksóknara sem varða rannsókn mála sem heyra undir sérsvið þess.

Á sama hátt er sérstökum saksóknara heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem embættið hefur aflað og tengjast málum sem geta varðað bæði stjórnvaldssektum og refsingu. Þá er honum heimilt að veita sérfræðiaðstoð og taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn brota sem geta varðað bæði stjórnvaldssektum og refsingu.

Aðilar skulu gæta sérstaklega að öryggi gagna í samskiptum og samstarfi sín á milli. Rafrænn gagnaflutningur skal fara fram í gegnum aðgangsstýrt vefsvæði Fjármálaeftirlitsins.

Frumrit málgagna skulu vera til staðar hjá þeim aðila sem þeirra aflaði. Við framsendingu kærueirinda skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Nú telur aðili nauðsynlegt að fá frumrit tiltekinna gagna, og getur hann þá óskað eftir því formlega hverju sinni.

4. gr.

Brot gegn lögum sem heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins sæta eingöngu opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til embættis sérstaks saksóknara. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til embættis sérstaks saksóknara.

Nú grunar sérstakan saksóknara að brotið hafi verið gegn lögum sem heyra undir verksvið Fjármálaeftirlitsins, og skal hann þá vísa málinu þangað til frekari rannsóknar. Að sama skapi skal Fjármálaeftirlitið vísa málum til sérstaks saksóknara, ef það telur að brotið hafi verið gegn lögum sem ekki heyra undir verksvið Fjármálaeftirlitsins. Sérstakur saksóknari vísar slíkum málum til viðeigandi stofnunar til frekari rannsóknar.

Ef aðilar telja hugsanleg brot, sem falla undir verksvið fleiri stofnana, svo samtvinnuð að aðgreindar rannsóknir myndu stofna rannsóknarhagsmunum í hættu eða sameiginleg rannsókn væri betur til þess fallin að ná markmiðum rannsóknar, þá skulu aðilar hafa samvinnu sín á milli við rannsókn málsins. Í slíkri samvinnu skal vera skýrt hvaða aðili er ábyrgur fyrir hvaða hluta rannsóknarinnar.

5. gr.

Við mat á því hvaða aðili skuli annast frekari meðferð máls skulu eftirfarandi sjónarmið m.a. höfð í huga:

- a) Hvort frekari meðferð máls heyri undir verksvið og krefjist sérfræðipækkingar þeirrar stofnunar sem hefur yfir að ráða þeirri þekkingu.
- b) Hvort mál sé þess eðlis að því sé hægt að ljúka með sátt eða stjórnvaldssekt, eða hvort þeir hagsmunir sem málið varða séu verulegir og brot telst meiri háttar, s.s. ef það varðar verulegum fjárhæðum, ef verknauður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins.

Sérstakur saksóknari getur veitt álit sitt á því hvort tiltekið mál sem er í rannsókn hjá Fjármálaeftirlitinu eigi að fara til opinberrar meðferðar, en ákvörðun um slíkt er í höndum stjórnar Fjármálaeftirlitsins. Þá getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli til opinberrar rannsóknar.

Að auki skulu sjónarmið um bann við tvöfaldri refsimeðferð máls og refsingu vegna sama máls koma til sérstakrar umfjöllunar aðila með hliðsjón af vali úrræða og ákvörðun um frekari meðferð máls.


Telji sérstakur saksóknari að ekki séu efni til málshöfðunar vegna meintrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.


6. gr.

Samstarfsaðilar samkvæmt verklagsreglum þessum skulu tilnefna tengiliði vegna samstarfs á grundvelli þessara reglna. Reglur þessar skulu kynntar viðskiptaráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti, og birtar opinberlega.

Reykjavík, 13. mars 2009,



Ólafur Hauksson



Ragnar Hafliðason